Mynd af Birni Kristjánssyni
fyrrv.bankastjóra og ráðherra.

1 bls. úr tímaritinu Frjálsri
verzlun. Með áritun Jóns Pálssonar.

I. árg. ágúst 1939, 5.tbl. bls. 9.

37.

það er vegna myndarinnar. en hana vil ég gjarnan eiga – að ég geymi blað þetta, enda hefir það sannleik að geyma, séðan frá annari hliðinni; hin hliðin hefir og annan sannleik að geyma, en sem ég hefi ávalt reynt að gleyma.

J.T.

# Björn Kristjánsson

Við andlát Björns Kristjánssonar fyrrv. ráðherra á þjóðin á bak að sjá einum þeirra manna, sem ötullegast gekk fram í baráttunni fyrir efnahagslegu sjálfstæði þessa lands. Verzlunarstéttin hefir um leið misst þann, sem skeleggazt hefir haldið uppi merki frjálsrar verzlunar í ræðu og riti, og Verzlunarmannafélag Reykjavíkur á nú á bak að sjá þeim félaganum, sem mest var metinn, sökum reynslu sinnar og hæfileika. — Björn Kristjánsson var einn af stofnendum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og heiðursfélagi þess, og var hann félaginu ætíð mjög til styrktar.

Saga Björns Kristjánssonar er eins og táknmynd af baráttuferli allrar íslenzku þjóðarinnar, frá fátækt og áþján, til efnalegs gengis og frelsis. Hann var af fátækum foreldrum kominn og opnaðist engin leið til mennta og frama fyrir aðrar ástæður en þá viljafestu og framgirni, sem í honum sjálfum bjó. Hann gerðist í fyrstu handiðnaðarmaður og lagði jafnframt stund á hljómlist, sem alla tíð var honum hugstæð, og var hann brautryðjandi á því sviði. Verzlun og fjármál urðu þó aðalviðfangsefni hans er fram í sótti, og skipaði hann mestu trúnaðarstöður þjóðar sinnar þau mál varðandi. Síðasta hugðarefni Björns Kristjánssonar, eftir að hann hafði að mestu dregið sig í hlé frá dægurmálunum, var að rannsaka þær auðlindir Íslands, sem dýpst liggja og erfiðast mun að sækja, málmana í jörðunni.



Með Birni Kristjánssyni og öðrum hans líkum, sem risu frá fátækt til menntunar og frama, og komu fram á sjónarsviðið „þá Ísafold var illa stödd“, sótti öll þjóðin fram til nýs sjálfstæðis. Og fyrir kraft slíkra manna vonar þjóðin, að henni megi takast að varðveita það, sem unnizt hefir öldnum og óbornum til heilla.

Við fráfall Björns Kristjánssonar þagna allar raddir, sem í þrasi dægurmálanna voru honum andstæðar. Allir viðurkenna, að nú er til moldar genginn einn af fremstu athafnamönnum þjóðarinnar.

Slíka menn er hverri þjóð ómetanlegt að eiga, og minning Björns Kristjánssonar mun lifa meðan andlegt og efnalegt frelsi þjóðarinnar er að nokkru metið. —